

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Leikskólinn
- Aðalfundur

[Næsti Pési kemur út 11.apríl 2013](#)

[Efni í Pésann](#)

[VERÐUR að](#)

[berast í](#)

[síðasta lagi](#)

[7.apríl](#)

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Aðalfundur	6
Kaffi-Sel	8
Kirkjustarfið	10
Smári	14
Kirkjustarfið	21
Hjónaballsbraugur	22

Pési



Mars 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 269. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira.

Og nú er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúgunu ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu

Sveitarstjórnarpistill

Nú er kominn mars og maður finnur verulega fyrir því að birtustigið er orðið öðruvísi. Manni finnst helst að veturinn sé búinn en trúlega villir birtan sýn. Það var gaman að sjá hvað vel tókst til með árshátíð okkar Hrunamanna eða hjónaballið eina sanna. Hjónaballsnefndin á heiður skilið fyrir góða vinnu og óeigingjarnt starf. Annáll ársins bregst ekki frekar en vanalega þegar öll helstu mál sveitarinnar sjást loksins í réttu ljósi.

Það urðu tímamót á síðasta hreppsnefndarfundum en þá gerðist það að konur urðu í algerum meirihluta þannig að fjórar konur sátu fundinn og einn karl auk þess sem sveitarstjórinn fékk að dingla með. Ekki var það nú ástæðan fyrir því að ákveðið tímamótamál kom fram og var samþykkt en það var ákveðið að halda ráðgefandi íbúakosningu um fyrirkomulag gatnamótanna við Grund.

Þarna er verið að nýta sér ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga til að spyrja íbúa hvernig þeim lítist á ákveðið mál. Að okkar mati er þetta spennandi tækifæri að sjá hvernig nýta eigi kosti íbúalýðræðis. Vonandi verður góð þátttaka í þessari kosningu og hvet ég allt kosningabært fólk að taka þátt í þeim.

Þá komu fram á sama fundi upplýsingar um endurútreikning á öðru gengisláni sveitarfélagsins. Niðurstaða þess var sú að lánið lækkaði úr kr. 30,5 millj. í 8,0 milljónir eða um 22,5 millj. Að auki verða endurgreiddar ofgreiddar afborganir af því frá í feb. 2012 upp á tæpar kr. 4,5 millj. Þó maður hefði viljað sjá að hitt erlenda lánið hefði verið endurreiknað líka sýnist okkur að dómar Hæstaréttar standi í vegi fyrir því í bili.

Endurútreikningurinn hefur þó veruleg jákvæð áhrif á skuldastöðu sveitarfélagsins og þá munum við endurfjármagna eftirstöðvar endurútreiknaða gengislánsins hjá Lánasjóði Sveitarfélaga þannig að greiðslubyrði lækkar verulega.

Allt saman eykur þetta okkar möguleika til að framkvæma góða hluti.

Annað sem er að breyta á, er að núna verður farið í að bjóða út hirðingu á blátunnu og er það spennandi verkefni að koma þessu þarfa verki í framkvæmd og kynna þessa breytingu vel fyrir íbúum. Tómas Þórir mun sjá um hirðingu á heimilissorpi og umsjón með gámasvæði eins og verið hefur þannig að þetta verður hrein viðbót við flóruna.

Það veldur okkur áhyggjum að magn sorps jókst um 7% á síðasta ári og kostnaður við eyðingu þess um 27%. Kostnaðurinn stafar aðallega af hækkun á gjaldskrá Sorpu og Sorpstöðvar Suðurlands og því er afar mikilvægt til að geta haldið sorpgjöldum í skefjum að vel takist til með flokkun sorps.

Þá vil ég hvetja fólk, ef það hefur tækifæri til þess að henda ekki lífrænu sorpi (matarúrgangi) í ruslið heldur koma því fyrir á annan hátt, t.d. með jarðgerð eða öðrum hætti til nýtingar.

Það mun verða fyrr en seinna bannað að setja lífrænan úrgang með venjulegu rusli þannig að það er gott að fara að huga að þessu.

Það hefur valdið okkur vonbrigðum að sveitarfélagið Árborg hefur kosið að draga sig út úr samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi um Skólaskrifstofu Suðurlands. Okkur finnst þessi ákvörðun misráðin, því stefnan hefur verið sú að efla samstarf sveitarfélaganna frekar en að minnka það, sérstaklega þar sem þessi ákvörðun getur valdið öðrum sveitarfélögum vandræðum.

Eflaust eiga þessi mál eftir að skýrast betur hvernig verði við brugðist en hætt er við að önnur sveitarfélög utan Árborgar þurfi að skoða önnur samstarfsverkefni með það í huga hvernig réttlátt sé að stilla þeim upp.

Nú er búið að skipa nýjan ruslamálaráðherra og þann heiður hlaut þetta árið Gunnar Þór Jóhannesson og er ég viss um að honum tekst vel til í þessu hlutverki.

Það hefur reyndar verið áhyggjuefni að það hefur verið misvel mætt á rusladaginn á Flúðum og verkin hafa fallið óþarflega mikið á sömu herðar. Þegar þar að kemur vil ég hvetja fólk að taka virkan þátt í deginum því við viljum jú öll að umhverfi okkar líti vel út.

Þá hefur Helga Karlsdóttir einnig verið skipuð sem fulltrúi í 17. júní nefnd og vil ég óska nefndinni velfarnaðar í undirbúningi þeirra hátíðarhalds.

Það ber að þakka því fólki sem er tilbúið að taka að sér sjálfboðastarf til að skemmta öðrum en þó vonandi sér í leiðinni líka.

Megum við eiga saman góða tíma framundan.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Heimasíða Hrunamannahrepps.

Nú er verið að endurnýja heimasíðu hreppsins og óskum við eftir því að þjónustuaðilar, félagasamtök, ferðaþjónustuaðilar og aðrir þeir í Hrunamannahreppi sem vilja hafa upplýsingar inni á síðunni okkar, hafi samband sem fyrst á netfangið marta@fludir.is eða í síma 4806600. Minnum einnig á viðburðadagatalið!!

Tækjasalur í íbróttahúsi.

Opnunartími frá áramótum:

Mánudaga – fimmtudaga frá 16:00 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót er í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Um páskana er tækjasalurinn LOKAÐUR frá skirdegi til og með mánudags, annars í páskum.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

Írskar gæða kerrur



2ja hásinga kerra m/ bremsum

Mjög sterkbyggðar 2ja hásinga kerrur með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólbörðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2580 mm

Breidd: 1450 mm

Burðargæta: 1.500 kg

Verð án/vsk
kr. 475.262



Eins hásinga kerra

Mjög sterkbyggðar kerrur á einni hásingu með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólbörðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2430 mm

Breidd: 1340 mm

Burðargæta: 500 kg

Verð án/vsk
kr. 237.472

Rúllugjafahringir fyrir nautgripi og sauðfé



Gjafahringir fyrir stórgripi

Þvermál: 2290 mm

Hæð: 1210 mm

Verð án/vsk.
kr. 39.826

Gjafahringir fyrir sauðfé

Þvermál: 1595 mm

Hæð: 1000 mm

Verð án/vsk.
kr. 34.136



Bitagúmmi
á steinbita
og timbur



Básamottur

Lengd: 1830 mm

Breidd: 1140 mm



Gunnbjarnarholi
801 Selföss
480 5600
landstolpi.is



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



- Ársreikningagerð
- Framtalsgerð
- Skattaráðgjöf
- Fyrirtækjaráðgjöf

Sigurjón Snær Jónsson

Viðskiptafræðingur/M.Acc.

Beinn sími: 595-2509

Farsími: 866-9035

Netfang: sigurjon.jonsson@is.ey.com

ERNST & YOUNG



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantíð tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Opið hús

Næsta Opna hús verður miðvikudaginn 20. mars og **hefst kl. 14.**
Góð dagskrá í umsjón Guðrúnar Sveinsdóttur og Jóhannesar Helgasonar.
Allir velkomnir.

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna verður haldinn miðvikudaginn 20. mars kl. 15:30, að loknu Opnu húsi, í Félagsheimili Hrunamanna. Á dagskrá verða almenn aðalfundarstörf, kosningar og önnur mál. Kjósa á um ritara og skoðunarmenn reikninga. Guðmundur Ingimarsson, annar skoðunarmanna reikninga, biðst undan endurkjöri. Einnig þarf að kjósa tvo fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara og tvo til vara.

VANTAR VINNU!!


18 ára einstaklingur óskar eftir vinnu í sumar, getur byrjað 1. júní.
Allt kemur til greina en efst á listanum er vinna á kúabúi.
Er afskaplega geðgóður og þægilegur piltur, hef bílpróf
Upplýsingar í síma 863 2801
Sævaldur Þór

Aðalfundur

Aðalfundur björgunarfélags Eyvindar verður sunnudagskvöldið 24. mars kl 20:00 í húsi félagsins. Venjuleg aðalfundar störf.
Öll stjórnin gefur kost á sér til áframhaldandi setu.
Gamlir og nýir félagar hvattir til að mæta.
Stjórnin

Aðalfundur UMFH verður haldinn 17.mars kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna
Venjuleg aðalfundarstörf.
Gjaldkeri og formaður gefa ekki kost á sér áfram í stjórn.
Stjórnin

Starfsfólk óskast



Skálholtsstaður óskar eftir að ráða fólk til starfa við almenna gisti - og veitingaþjónustu.

Heilsársstarf, sumarstarf.

Um hlutastarf getur verið að ræða.

Umsóknareyðublöð á heimasíðunni skalholt.is
Upplýsingar í síma 486-8870 eða 856-1545 netfang
skoli@skalholt.is

Prjóna- og handavinnukvöld

Miðvikudagskvöldið 10. apríl verður haldið prjóna- og handavinnukvöld í Félagsheimilinu og hefst kl 20.30.

Til okkar koma góðir gestir.

Selt verður kaffi og meðlæti á kr. 500.-

Allar konur velkomnar.

Námskeiðanefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps

Minilik Ethiopian Restaurant

Sími: 846 9798

Opið í mars: Þriðjud-föstudaga: 18:00-21:00

Laugard-sunnudaga: 15:00-21:00

Í apríl er lokað á mánudögum.



Nýtt á Minilik

Tveir kjúklingaleggir í epiópískri sósu,grjón og salat.

Aðeins afgreitt sem "take away"

Panta þarf með 30 mín.fyrirvara

Verð kr: 1300.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi mánudaginn 25. mars 2013

Tímapantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **mars og apríl** sem hér segir:

Föstudagar kl. 17.00 til 20.30.

**Laugardagar kl. 11.00 til 14.00
og 17.00 til 20.30.**

**Opið á skírdag og föstudaginn langa
kl. 17.00 – 20.30.**

Páskadag kl. 17.00 til 20.30.

Annar í páskum kl. 11.30 – 20.30

Lokað á sunnudögum að páskadegi undanskildum.

Hægt er að leika á golfvellingum á vetrarflötum, ef veður leyfir.
Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli

Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Síminn okkar er sem áður 486 1400.

Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.

LAUGARVATN
fontana

Heilsulind frá landnámi



Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps þann 7. mars sl voru komur í meirihluta hreppsnefndarmanna, en á fundinn mættu tveir varamenn, þær Bjarney Vignisdóttir og Vigdís Furuðseth í stað Gunnars Jóhannessonar og Unnsteins Eggertssonar.

Eigið þið tré sem þið þurfið að losna við úr garðinum og viljið að hægt sé að nýta á annan hátt?

Við erum að hefja framleiðslu á spæni til undirburðar og tókum fegins hendi á móti þeim trjám sem falla til og eru 70 mm eða meiri í þvermál og sækjum til ykkar.

Hafið samband í síma 8941130 Sigggi og 8685751 Fjóla



Smárafréttir

MARS 2013



VETRARMÓT

Annað vetrarmót er laugardaginn **16 mars kl 14.00** á Flúðum.

Kept verður í eftirfarandi flokkum :

- Pollaflökkur (9 ára og yngri)
- Barnaflökkur (10-13 ára)
- Unglingaflökkur (14-17 ára)
- Ungmennaflökkur (18-21 árs)
- Unghrossaflökkur(hross fædd 2008 og 2009)
- 2 flokkur Fullorðnir
- 1 flokkur Fullorðnir

Skráning á staðnum frá 13.00 - 13.45

Skráningargjald 500.– skráningin, frítt fyrir polla og börn, greiðist á staðnum

ATH. EKKI POSI.

Á vetrarmótum Smára þurfa bæði knapi og eigandi hests að vera í félaginu. Að gefnu tilefni hvetjum við fólk að kynna sér reglur vetrarmóta sem finna má í heild sinni inn á www.smari.is

FRÆDSLUVÖLD MEÐ ELLA SIG

Hinn landsfrægi skeiðmeistari Erling Ó. Sigurðsson mun halda fyrirlestur í Félagsheimilnu á Flúðum sunnudagskvöldið **24 mars kl. 20.30**

Þar mun hann fara yfir uppbyggingu skeiðs með sýningu á myndböndum, forvarnir fyrir hestinn þ.e.a.s. tennur í hestum, tannróspun, beislabúnað, hófhlífar, járnningar og fleira.

Hvetjum alla hestamenn og skeiðáhugamenn að koma og hlusta þennan landskunna knapa.

AÐGANGUR 1000 kr

ATH. EKKI POSI



ALLIR VELKOMNIR

Töktmót Smára, Loga og Trausta

Verður haldið í Reiðhöllinni á Flúðum miðvikudaginn 27 mars
2013

Kept verður í eftirfarandi flokkum

- Barnaflokkur (10-13 ára)
- Unglingaflokkur (14-17 ára)
- Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- 2. Flokkur Fullorðnir
- 1. Flokkur fullorðnir

★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★
★

Hver skráning kostar :

1500 kr í barnaflokk
2000 kr í aðra flokka.

Einungis verður tekið við peningum

Kept eftir FIPO reglum

2 inn á í einu í forkeppni og stjórnað af þul.

Skráningu þarf að fylgja nafn og kennitala knapa, is númer, nafn og litur hests, í hvaða flokk er skráð og upp á hvora hönd skal riðið.

Skráningu þarf að vera lokið í síðasta lagi kl 20.00 sunnudaginn
24. mars
á netfangið smari@smari.is eða ksb@internet.is

Nánari dagskrá og fyrirkomulag mun birtast á heimasíðum hestamannafélaganna.



Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við
almenn afgangslustörf.

Helst ekki yngri en 18 ára.

Æskilegt að umsækjandi sé reyklus og reglusamur.

Upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum og í síma 7745437 eða

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga:	17:00-21:00
Laugardaga	12:00-18:00
Sunnudaga:	12:00-18:00



Um páskana er opið:

28.mars skírdag, 30.mars laugardag og 1.apríl annar í páskum
12:00-18:00.

LOKAD á föstudaginn langa og páskadag.

Bíll til sölu
Toyota Corolla árg. 2000
4 dyra beinskiptur - gott eintak
nánar í síma 8980913



Til sölu 28" túbusjónvarp á 15000kr.
Uppl.í síma 6935677

**9.bekkur Flúðaskóla verður með kökubasar í versluninni
Samkaup strax, laugardaginn 30.mars.**



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímá pantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

HELSTU VIÐBURÐIR SMÁRA 2013

15. mars	Uppsveitadeild—Fimmgangur
16. mars	2. Vetrarmót
17. mars	Reiðnámskeið börn
19. mars	Reiðnámskeið fullorðnir
20. mars	Reiðnámskeið börn
25. mars	Reiðnámskeið börn
26. mars	Reiðnámskeið fullorðnir
27. mars	Sameiginlegt Tölmót Smára, Loga og Trausta
2. apríl	Reiðnámskeið fullorðnir
4. apríl	Æfing fyrir Uppsveitadeild æskunnar
6. apríl	Uppsveitadeild æskunnar
7. apríl	ÆSKAN OG HESTURINN
9. apríl	Reiðnámskeið fullorðnir
10. apríl	Reiðnámskeið börn
14. apríl	HESTAFJÖR
16. apríl	Reiðnámskeið fullorðnir
17. apríl	Reiðnámskeið börn
19. apríl	Uppsveitadeild—Tölt og skeið
20. apríl	3. Vetrarmót
24. apríl	Æfing fyrir Uppsveitadeild æskunnar
27. apríl	Uppsveitadeild æskunnar
1. maí	Firmakeppni
Maí	Reiðnámskeið – helgarnámskeið
Maí	Fræðslufundur
8. júní	Íþróttamót Smára, Loga og Trausta – Hrísholt
20. júlí	Gæðingamót
Sumar	Sameiginlegur útreiðatúr félagsmanna
Október	Sýnikennsla



Nánari upplýsingar
um dagskrá má finna
á www.smari.is
Fylgist vel með,
dagsetningar geta
breyst og nýjir
atburðir komið inn

Árshátíð Smára, Loga og Trausta
19. október 2013 á Flúðum
Takið daginn frá
Nánar auglýst síðar

KRAKKAR KRAKKAR !

Takið daginn 7 apríl frá ! Þú er stefnan að fara í hópferð á ÆSKAN OG HESTURINN í Reiðhöllinni í Víðidal. Nánar auglýst síðar!



Æskulýðsnefndin vill minna alla krakka á æfingar fyrir UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR 4 apríl og 24 apríl.

Allir velkomnir 😊

Mentorkerfi hjá hestamannafélaginu Smára

- * Átt þú barn sem langar að prófa hestamennsku ?
- * Hefur þú áhuga á að koma barninu þínu af stað í hestamennsku en skortir aðstöðu og tækifæri til að komast í kynni við hesta og hestamennsku án þess að þurfa að kaupa hest, reiðtyggi og annað sem fylgir ?
- * Ert þú foreldri sem ert tilbúin að styðja barnið í hestamennsku og setja hana í forgang í samvinnu við fórnfúsa hesteigendur?
- * **Hestamannafélagið Smári fagnar öllum nýjum félögum og aðild að félaginu er gjaldfrí að 16 ára aldri.**
- * Ert þú tilbúin(n) að skuldbinda þig í að "taka að þér" áhugasamt barn, kynna því hestamennsku og allt sem tengist henni?
- * Hefur þú áhuga á að lofa sem flestum að njóta hestamenskunnar og prófa áður en lagt er af stað í hana á fullum krafti?
- * Þetta er einstakt tækifæri sem barninu er veitt og krefst mikils framlagt af hálfu mentors og barnið og foreldrar þess verða að vera tilbúin að leggja sig fram við að kynna sér hestamennsku.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja þessu verkefni lið eða taka þátt eru hvattir til að hafa samband við æskulýðsnefndarfulltrúana Vigdís í s.8616652 sydralangholt@emax.is eða Meike í s.6638011 mmelkorka@hotmail.com

Tillögu að MENTOR kerfinu má lesa í heild sinni inn á www.smari.is og á facebook síðu Smára.

Magga: Já, ég segi það sama. Oj hvað við erum fúlar. Við skulum þá bara ekkert vera að hugsa okkur betur um. Kallinn minn er fyllibytta og hann getur bara farið niður í bæ og betlað sér fyrir brennivíni þessa helgi. Ég sleppi því að láta hann fá aurana mína. Sigga vinkona okkar er sjötug og fari það bara og veri, ef við leyfum okkur ekki að halda upp á daginn með henni. Stelpur – hvað segið þið við því? Gunna?

Gunna: Ég hef ekki einu sinni hlustað á þessar móráliseringar ykkar. Auðvitað verður afmælisveisla!

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja frumsýnir þann 16. mars hið frábæra leikrit Saumastofuna eftir Kjartan Ragnarsson. Verkið var fyrst sett upp af Leikfélagi Reykjavíkur við gífurlegar vinsældir og nú er það komið í Gnúpverjahreppinn! Saumastofan var skrifuð í tilefni af kvennaárinu 1975 sem náði hápunkt með kvennafrídeginum sama ár. Leikritið sló í gegn og var sýnt yfir 200 sinnum á 3 árum. Saumastofan var ádeila inn í þjóðfélagið á sínum tíma, þar sem staða konunnar innan feðraveldisins var miðpunktur ádeilunnar. Af hverju eru konur með lægri laun en karlar? Af hverju hafa karlmennirnir völdin þegar konan er sú sem í raun og veru heldur öllu saman? Kjartan beinir athyglinni að mikilvægum spurningum sem eiga fullt erindi enn þann dag í dag. Hvað hefur raunverulega breyst?

Saumastofan er gamanleikrit með tónlist og söng ásamt dramatísku ívafi.

Leikstjóri verksins er Svandís Dóra Einarsdóttir ásamt einvala liði tónlistarmanna og leikenda.

Saumastofan er sýnd í Árnesi og panta má miða í síma 897 1112 eða

saumastofan@uppsveitir.is Miðaverð er einungis 2000kr og sýningardagar eru eftirfarandi :

16. mars kl 16:00

Frumskýning

20. mars kl 20:00

21. mars kl 20:00

26. mars kl 20:00

27. mars kl 20:00

Sýning sem ekki

má missa af!



Útjóga á Flúðum

Frá og með þriðjudeginum 19. mars ætla ég að byrja með útjóga á Flúðum. Hist er við félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Tímarnir verða á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:30 – 18:30.

Allir eru velkomnir hvort sem þeir hafa reynslu af jóga eður ei. Nánari upplýsingar í síma 8980677.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

Jóga fyrir 60 ára og eldri


Létt jógaleikfími þar sem áhersla er lögð á liðkandi æfingar, teygjur og öndunaræfingar. Einnig gerum við æfingar til að efla jafnvægi og einbeitingu og endum tímann síðan á slökun.

Staður: Heimaland (kjallari)

Tími: Fimmtudagar kl. 10:00

Allir velkomnir. Það er ekki þörf á að hafa reynslu af jóga. Æfingarnar gerum við sitjandi á stól eða standandi, allt eftir hentugleikum og getu hvers og eins.

Nánari upplýsingar í síma 8980677.



Landflutningar
SAMSKIP

Flúðaleið ehf

EIMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Leikskólafréttir

Af leikskólalífinu er allt gott að fréttu, starfsfólk og börn eru glöð og ánægð í öllu starfi. Nýtt ár hefur tekið vel á móti okkur með einstakri veðurblíðu og hafa allar deildirnar nýtt það mjög vel til útiveru. Það hafa orðið mannabreytingar hérna hjá okkur á nýju ári. Halldóra Halldórsdóttir tók sér ársleyfi frá störfum og kom Halla Gunnarsdóttir inn í hennar stað sem leikskólastjóri. Hún Erla Jóhannsdóttir er komin í leyfi líka en við hlökkum til að fá þær aftur til starfa að leyfi loknu. Sú nýjung var núna um áramót að börn frá 12.mánaða aldri geta nú sótt um að koma í leikskólann. Það voru 6 börn sem nýttu sér þetta núna um áramótin og hefur gengið mjög vel. Heimasíðan okkar hefur því miður legið niðri en vonandi fer hún að komast í lag fljótlega. Leikskólinn er kominn með facebook síðu og ætlum við að setja þar inn helstu viðburði úr leik og starfi skólans. Leikskólinn var með myndlistarsýningu í versluninni Strax allan febrúarmánuð. Hún vakti heilmikla athygli og erum við afskaplega stolt af listamönnunum okkar. Við þökkum fyrir velvilja og frábærar móttökur sem við fengum í versluninni á opnun sýningarinnar á Degi leikskólans 6.febrúar. Það er orðin hefð að fjölskyldan á Efra-Seli bjóði leikskólabörnum til Öskudagsgleði á Kaffi Sel undir stjórn foreldrafélagsins og var þar enginn breyting á þetta árið. Við þökkum foreldrafélaginu og fjölskyldunni á Efra-Seli fyrir góðar móttökur, veitingar og skemmtun. Kveðja Halla og starfsfólk leikskólans

Móakotsfréttir

Við á Móakoti erum búin að bralla ýmislegt skemmtilegt undafarnar vikur. Við förum öðru hvoru í lystigarðinn og gefum fuglum að borða, kíkjum í skóginn okkar og gerum ýmislegt skemmtilegt þar. Við eru búin að fara niður að Litlu-Laxá og sullum og hendum steinum í ána. Hvernig heyrir þegar steinarnir lenda í vatninu. Sumir urðu blautari en aðrir. Bara gaman. Karladagur var hjá okkur í janúar og komu nokkrir pabbar í heimsókn til okkar. Við vorum búin að útbúa smá gjöf fyrir karlinn okkar. Kerlingadagur var hjá okkur í febrúar. Þá komu nokkrar mömmur og ömmur til okkar. Við voru líka búin að útbúa smá gjöf fyrir kerlingarnar okkar. Öskudagur var hjá okkur í febrúar. Það komu allir í skemmtilegum búningum. Við förum með skólabílum á Kaffi Sel. Þar var dansað, kötturinn sleginn úr tunnunni og allir fengu pizzur og safa. Foreldrafélagið flutti svo fyrir okkur leikritið um Hans og Grétu við mikinn fögnuð áhorfenda. Við opnuðum myndlistarsýningu á degi leikskólans 6. febrúar. Kveðja Heiða, Móa, Elín og Valdís



Heiðarkotsfréttir

Það er búið að vera mikið um að vera á Heiðarkoti síðustu vikur. Við töluðum um hvað Þorri er, sungum þorrapræl og skoðuðum myndir af þorramat ☺ Dýrin í Hálsaskógi hafa verið mjög vinsæl á Heiðarkoti og við höfum verið að syngja lög úr leikritinu, búa til fígúrus og teikna myndir, leikritið hefur blandast inn í allt starfið hvort sem það hefur verið frjálslíkur eða hópstarf, enda góður boðskapur að allir séu vinir í skóginum ☺ Áslaug á

bókasafninu bauð okkur að koma til sín núna í febrúar og þá hefur hún kennt okkur hvernig á að fara með bækurnar og lesið fyrir okkur. Við höfum verið að fara í íþróttahúsið þar sem við höfum sett upp þrautabraut og leikið okkur ☺ Það hafa verið margir skemmtilegir dagar eins og öskudagurinn þar sem við fórum að Seli með rútu og dönsuðum og slógum köttinn úr tunnunni. Á bolludaginn fengum við ljúffengar bollur sem hún Inga okkar bakaði og á sprengidaginn fengum við baunasúpu að hætti kokksins. Við fengum marga góða gesti á karla og kerlingadeginum sem komu og léku við okkur *Takk fyrir komuna*

Kveðja Adda Sigga, Jónína og Ragnheiður



***Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00***



Pésafréttir frá Skógarkoti

Á Skógarkoti er alltaf líf og fjör. Karladagurinn var haldinn á bóndadaginn og fengum við fullt af skemmtilegum körlum í heimsókn til okkar sem léku við okkur í því sem við vorum að gera þann daginn. Kerlingadagurinn var sömuleiðis mjög skemmtilegur. Við höfum verið að vinna í alls konar skemmtilegum verkefnum en hæst stendur Búkolluverkefnið okkar. Við lásum söguna um Búkollu og höfum svo verið að búa til Búkollu sjálfa, karlinn, kerlinguna, tröllið, fjallið, bálið og móðuna. Markmiðið er að klára að búa til það sem vantar uppá og halda svo jafnvel fagnaðarfund þar sem munirnir verða notaðir til að skapa leikrit. Páskarnir nálgast og ætlum við að skreyta svolítið hjá okkur með fallegu páskaföndri. Nú þegar eru tilbúnir nokkrir gulir ungar. Skólaheimsóknir hjá elstu börnunum (Snillingum) ganga vel og eru börnin að verða ansi örugg með sig í skólaumhverfinu. Enn eiga þau eftir að fara í nokkrar kennslustundir og svo er vorskólinn í byrjun maí. Það er alltaf jafn skemmtilegt í útikennslunni og eru börnin óþrjótandi uppspretta hugmynda í gönguferðum og rannsóknarleiðöngurum.

Kveðja Freyja, Dúna og Ragna



Útikennsla við Litlu-Laxá 4.mars - klakinn heillar!



Hrunamannahreppur

Útboð

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið

Ásastígur 2013

Verkið felur í sér yfirborðsfrágang Ásastígs með malbikun, niðurföllum, kantsteinum, auk þess sem jarðvegsskipta þarf að hluta.

Útboðsgögn er hægt að fá rafrænt frá og með 21.mars 2013 hjá Tæknisviði Uppsveita með því að senda tölvupóst á borkur@gogg.is eða útprentað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Hrunamannahrepps

þriðjudaginn 16. apríl 2013 kl 10.

Kirkjustarfið í Hruna- og Hrepphólasóknum!

Passíusálmalestur á föstudaginn langa

Það hefur skapast hefð um það í prestakallinu að lesa Passíusálmána á föstudaginn langa í Hrepphólakirkju. Svo verður einnig að þessu sinni og verður lesturinn í umsjá okkar sr. Axels Árnasonar. Að venju koma ýmsir að lestrinum, m.a. fermingarborn og fjölskyldur þeirra en hér með er líka **auglýst eftir fólki sem er reiðubúið að koma og lesa** brot af þessum klassíska íslenska arfi.

Helgihald um hátíðirnar

Páskaguðspjónustur verða í Hruna páskadagsmorgun 31. mars kl. 8 og í Hrepphólum páskadagsmorgun kl. 11. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista.

Ferming

Fermt verður í Hruna laugardaginn 30. mars kl. 13. Fermd verða:

Óskar Sigmundsson

Þórdís Jóna Krístjánsdóttir

Loks skal áréttað að sími prestakallsins er **856-1572** en að auki hef ég síma **856-1571**.

KYNNTU ÞÉR STÆKKUN FRÍÐLANDS Í ÞJÓRSÁRVERUM

Stefnt er að stækkun fríðlands í Þjórsárverum.

Gögn vegna stækkunar fríðlandsins eru aðgengileg á umhverfisstofnun.is og á heimasíðum sveitarfélaganna.

Kynningarfundur

19. mars í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahrepp kl. 14:00.

Allir velkomnir.



Hjónaballs bragur

sungið við lagið "Það liggur svo makalaust"
eða hæ dullía dúlía

Á fundunum endalaust hjónaballsnefnd
Hún endaði furðu oft örliðið kennd
Þau Íris og Steinar og allt þeirra tím
Hér virðist nú komið á bullandi stím
Hæ Hrunamenn Hrunamenn þetta erum við
Þingmaður bændur og allskonar lið
Þau Íris og Steinar og allt þeirra tím
Hér virðist nú komið á bullandi stím

Þeir kaupmenn í búðinni fengu á kaun
Er oddvitinn kannaði hverja einustu baun
Krafðist svo lækkunnar þess sama dags
Og alls ekki seinna í Samkaupum strax
Hæ Hrunamenn Hrunamenn þetta er vor sveit
Þingmaður bændur og alls engin geit
Krafðist svo lækkunnar þess sama dags
Og alls ekki seinna í samkaupum strax

Við skorum nú öll hérna oddvitann á
Að skoða strax verðlagning ríkinu hjá
Og koma því óðara strax þar í kring
Að opnun þar verði í sólarhring
Hæ Hrunamenn Hrunamenn þetta er vor sál
Þingmaður bændur og kína kál
Og koma því óðara strax þar í kring
Að opnun þar verði í sólarhring

Garðyrkjubændur hér eiga sér draum
Um aldeilis ódýran rafmagnsstraum
Sumir loks fundu svo borð fyrir vind
Í repjunar dásemdar olíulind
Hæ Hrunamenn Hrunamenn framtíðin er
Olíufurstar og Kínager
Sumir loks fundu svo borð fyrir vind
Í repjunar dásemdar olíulind

Á samkundum karlakórs oft varð nú þat
Er körlum heils héraðs var boðið í mat
Þeir slátruðu hesti og lögðu í salt
Og með skildi drukkið allt annað en malt
Ennnn Agnar minn Agnar minn hvað er að ske
Er stóðið allt fóðrað á gúmitré
Þeir slátruðu hesti og lögðu í salt
Og með skildi drukkið allt annað en malt

Nú Aðalsteinn formaður boðaði ferð
Og vestustu fjörðunum skilin gerð
Þeir pöntuðu þotu og flugu af stað
Og máluðu rauðan þann fjarðarkaupstað
Ennnn Alli minn Alli minn hvað er með það
Að skilja eftir konurnar heima í hlað
Þeir pöntuðu þotu og flugu af stað
Og máluðu rauðan þann fjarðarkaupstað

Við erum á toppnum og lang flottastir
Í Hörpunni syngjum við lang-aftastir
Við erum samt flottir og vitum af því
Og fordómar allir svo langt fyrir bí
Ennnn Alli minn Alli minn það er nú trist
Að uppfynning ykkar sé tónskáldið List
Við erum samt flottir og vitum af því
Og fordómar allir svo langt fyrir bí

Í fjallferðum gerast oft ótrúleg mál
Er smalarnir ganginní ástar bál
Hann sms sendir í erg og gríð
Í Haukholtum heima ég ligg bara og bíð
Ennnn Steini minn Steini minn þetta er svo sætt
Og daman sú fegursta af Tungna ætt
Hann sms sendir í erg og gríð
Í Haukholtum heima ég ligg bara og bíð



Nú fækkar þeim óðum sem lifa í synd
Og óvígða sambúðin von bráðar fyrnd
Því klerkur vor giftir og leggur á stund
Að gera það oftast á óvígðri grund
Enn séra minn séra minn gerum nú trikk
Og giftum hér inni alla í einum rikk
Því klerkur vor giftir og leggur á stund
Að gera það oftast á óvígðri grund

Þá lýkur brátt störfum hjá þessari nefnd
Og baksviðs við höldum og verðum öll kend
Nú fórnarlömb veljum hér úr þessum sal
Það hlakkar í okkur að eiga slíkt val
Hæ Hrunamenn Hrunamenn næst er á svið
Næsta árs hjónaballs einvala lið
Nú fórnarlömb veljum hér úr þessum sal
Það hlakkar í okkur að eiga slíkt val

Höfundur: Helgi Már Gunnarsson



Fram fram sóknar style
Sóknar style

Mínir kærur sveitungar ykkur er nú boðið
Að skoða stefnuna sem við höfum saman soðið
Frábær stefnumál samt alltaf sama græna moðið
Ég kem hreint fram ota mínum tota

Fram fram sóknar menn við erum bestir allra flokka
Fram fram sóknar menn við sitjum aldrei inná mokka
Fram fram sóknarmenn við fáum þingið til að rokka
við erum sóknarmenn bara sóknarmenn

Fallegur er okkar maður
Já hann er hei já hann er hei
Fallegur er okkar maður
Já hann er hei já hann er hei
Sigurður Ingi er okkar maður hér
Fram fram sóknar style
Sóknar style
Fram
Fram
Fram
Fram fram sóknar style



Hjónaball 2013.
Ljós: SigSigm



Unnið við endursmiði veiðikofans í
Hrunakröki. Ljós: SigSigm